



Fundargerð – 527. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 17. ágúst 2021, kl. 16:30. Fundurinn var haldinn í fundarsal Kölku.

Mættir: Önnundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlökkversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Fyrirhugað kynningarátak í haust.
3. Gamla stöð – Nýting á aðstöðu til endurvinnslu múrbrots.
4. Skipulagsbreytingar og starfsmannamál.
5. Áætlun 2022.
6. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra:

1. Öryggismál: Öryggisatvik hafa verið fátíð í sumar.
2. Afköst brennslu hafa verið í meðallagi yfir sumarmánuðina. Ekki hefur þurft að draga úr afköstum vegna efnisskorts.
3. Undirbúningur vegna grenndarstöðva er kominn á lokastig. Kölku bárust síðustu staðsetningarnar frá sveitarfélögum föstudaginn 13. Terra er að ljúka merkingum gáma og hægt verður að byrja að dreifa þeim fljótlega.
4. Framkvæmdir í Helguvík – mis mikill gangur er í verkinu en verktakar eru með marga bolta á lofti. Stefnt er að verklokum fyrir 1. október nk.
5. Stýrihópur vegna nýrrar sorporkustöðvar með þátttöku sorpsamlaganna á SV horninu hefur verið að störfum í sumar. Verkefni sem m.a. felur í sér fýsileikakönnun er komið á góðan reksþöl og stefnt að verklokum í nóvember.
6. Stefnt er að því að stöðva brennslu í Kölku þann 12. september, vegna viðhalds. Vonast er til að hægt verði að ljúka viðhaldsverkefnum innan viku.
7. Innleiðing vigtarkerfis - stórir áfangar hafa náðst í sumar og stutt í að öllum aðlögunum kerfisins verði lokið.

2. Fyrirhugað kynningarátak

Í sumar hefur verið unnið að undirbúningi kynningarátaks með það að markmiði að bæta flokkun úrgangs á heimilum. Vegna sumarleyfa hafa nauðsynleg samskipti vegna þessa verið skrykkjótt en unnið er að því að taka upp þráðinn. Framkvæmdastjóri lagði til að 2.5 milljónir króna verði eyrnamerktað þessu verkefni út árið skv. fjárhagsáætlun 2021 og gert ráð fyrir góðri fjárveitingu til kynningarmála á næsta ári. Stjórn samþykkti tillöguna samhljóða.

3. Endurvinnsla múrbrots í gömlu stöð

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir sem hafa verið til skoðunar um að nýta plön á athafnasvæði gömlu stöðvarinnar við Hafnaveg til endurvinnslu á grófum byggingarúrgangi sem berst til Kölku. Framkvæmdastjóra falið að ganga til viðræðna um mögulegt samstarf.

4. Skipulagsbreytingar.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrirhugaðar breytingar á innra skipulagi Kólku. Breytingarnar beinast fyrst og fremst að því að auka þátttöku starfsfólks í stefnumótun og umbótaverkefnum. Auk þess er stefnt að því að auka fjölbreytni starfa.

5. Önnur mál: Engin önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:20.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 14. september 2021.

Fundargerð samþykkt með undirskriftum.

Önundur Jónasson

Ásrún Kristinsdóttir

Laufey Erlendsdóttir

Páll Orri Pálsson

Inga Rut Hlöðversdóttir

Steinþór Þórðarson